

Styrkveitingar menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og Tónlistarhópur Reykjavíkur 2008.

Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar samþykkti afgreiðslu styrkja fyrir árið 2008 á fundi ráðsins þann 19. desember 2007. 48 styrkir voru veittir til verkefna og liststarfsemi 2008, samtals að upphæð 26 milljónir króna og er það tæplega 6 milljón króna hækkun frá síðasta ári. Ráðið veitti styrkina að tillögu fagnefndar er skipuð var fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna. Jafnframt samþykkti ráðið að veita tvo styrki samtals að upphæð 700 þús. kr. af fjárveitingu ársins 2007.

Ísafold - Kammersveit var einnig valin **Tónlistarhópur Reykjavíkur 2008** og hlýtur þess vegna styrk sem nemur tveimur milljónum króna. Stjórnandi Ísafoldar er Daníel Bjarnason. Í greinargerð fagnefndar segir: Ísafold kom nýlega fram á sjónarsviðið með miklum sprengikrafti og árið 2008 mun hún fagna sínu fimmta starfsári. Hljómsveitin, sem skipuð er ungu og efnilegu tónlistarfólki, hefur sýnt og sannað að hún hefur getu og vilja til þess að stuðla að áhugaverðri nýbreytni og þróun á sviði tónlistar. Einstakur metnaður einkennir fjölbreytta verkefnaskrá þeirra og samstarf við aðra listamenn, listgreinar og listastofnanir. Í byrjun ársins 2005 var Ísafold tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem bjartasta vonin í flokki sígildrar tónlistar.

Styrkir til verkefna og liststarfsemi 2008

Hæsta styrkinn að upphæð kr. 2.000.000 hlaut Lókal, alþjóðleg leiklistarhátíð sem er nýmæli á sviði leiklistar í borginni. Í gegnum hátíðina gefst borgarbúum færi á að upplifa nýjustu strauma og stefnur í leiklist með sýningum sem taldar eru þær markverðustu í leikhúslífi Evrópu og Bandaríkjanna þá stundina.

Þau hlaut Kling og Bang kr. 1.000.000. Aðstandendur Kling og Bang hafa haldið úti sýningaraðstöðu fyrir samtímalist í rúm fjögur ár en þessi sami hópur stóð einnig á bak við Listverksmiðjuna Klink og Bank. Frumkvæði þeirra og framtak hefur greitt fyrir kynningu á myndlist og listafólki bæði hérlendis og erlendis sem leitt hefur til gróskumikilla tengsla og samstarfsverkefna og gert borgina ríkari sem menningarborg fyrir vikið.

800 þús. kr. styrk hlutu: Kvikmyndaklúbburinn Fjalakötturinn, Ívar Örn Sverrisson vegna leikverksins Óþelló og dansleikhúshópurinn Panic Production.

700 þús. kr. styrk hlutu: Blúshátíð í Reykjavík og Kvikmyndafélag Íslands ehf. Stuttmyndadagar í Reykjavík

600 þús. kr. styrk hlutu: Guðmundur Arnar Guðmundsson v. Heims sýn, Höfundamiðstöð Rithöfundasambands Íslands og myndlistarhátíðin Sequences.

500 þús. kr. styrk hlutu: Atonal Future, Draumasmiðjan ehf, Hallfríður Ólafsdóttir, Íslenska Hreyfipróunarsamsteypa, Kristín Mjöll Jakobsdóttir v. Hnúkaþeys, List án landamæra, Listfélag Langholtskirkju, Mýrin - félag um barnabókmenntahátíð, Nordic Affect, Múlinn Jazzklúbbur, Númer 9 ehf. – Ísold Uggadóttir, Samband ísl. myndlistarmanna v. Metropolis, Sjónauki, Sviðslistahópurinn 16 elskendur, Torfusamtökin og Örn Magnússon.

400 þús. kr. styrk hlutu: Halaleikhópurinn, Hinsegin bíodagar, Kammerkórinn Carmina, Kolbeinn Bjarnason, Leikminjasafn Íslands, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Ólöf Ingólfadóttir, Músík og saga ehf, Nýhil, Reykjavík Documentary Workshop, Sigurður Flosason og Sjóminjasafnið.

300 þús. kr. styrk hlutu: Amínamúsík, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Félag íslenskra listdansara, Félag íslenskra tónlistarmanna, Húsfélag Alpýðu, IBBY á Íslandi, Ingibjörg Hannesdóttir, Stuttmyndahátíðin Ljósvalaljóð, Rúnar Ingi Einarsson, Tangófélagið, Bryndís Halldórsdóttir og TFA - áhugamannafélag.

Að auki af fjárveitingu menningar- og ferðamálaráðs fyrir árið 2007: Myndhöggvarafélagið í Reykjavík vegna verkefnisins Myndlist fyrir alla kr. 350.000.- og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins kr. 350.000.-